

VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður ses.
b.t. stjórnar sjóðsins
Borgartúni 18
105 Reykjavík
sent rafrænt á: virk@virk.is, vigdis@virk.is og
heidrun@sa.is

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. heilbrigðisráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík
sent rafrænt á: hrn@hrn.is

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
b.t. félags- og húsnæðismálaráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík
sent rafrænt á: frn@frn.is

Mennta- og barnamálaráðuneytið
b.t. mennta- og barnamálaráðherra
Borgartúni 33
105 Reykjavík
sent rafrænt á: mrn@mrn.is

Reykjavík, 28. apríl 2025

Varðar: Beiðni um samningaviðræður ásamt tilboði til lausnar svo tryggja megi áframhaldandi endurhæfingu við skjólstæðingahóp Janusar endurhæfingar.

Til mín hefur leitað stjórn Janusar endurhæfingar ehf. (hér eftir jafnframt nefnt *JE*), kt. 671099-3629, og falið mér að koma á framfæri við framangreinda hagaðila beiðni þessari um samningaviðræður og þeirri tillögu sem hér fer á eftir um markmið og samstarf á sviði endurhæfingar. Erindi þetta er sett fram í viðleitni til að tryggja megi áframhaldandi þverfaglega og heildstæða endurhæfingu fyrir skjólstæðingahóp Janusar endurhæfingar.

Þess er óskað að erindið verði tekið til formlegrar afgreiðslu hjá öllum ofangreindum viðtakendum þessa bréfs.

Um er að ræða málefni sem snertir fleira en eitt ráðuneyti og er erindinu því beint til þeirra allra og þess óskað að þau taki það öll til afgreiðslu. Þess er einnig óskað að það verði tekið til afgreiðslu hjá stjórn VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs ses. (hér eftir jafnframt nefnt *VIRK*).

I. Aðdragandi erindis þessa

Vísað er til þess sem fyrr hefur opinberlega komið fram um yfirvofandi endalok á samstarfi JE, VIRK og Sjúkratrygginga Íslands. Afleiðing þess er sem kunnugt er sú að JE verður lokað og með hópuppsögn hefur öllu starfsfólki verið sagt upp. Stjórn JE harmar mjög þessa stöðu sem upp er komin en bindur þó vonir við að hægt sé að komast að samkomulagi við hagaðila til heilla fyrir það unga fólk sem sannarlega þarf á þjónustu JE að halda.

Þá er vísað til þess sem fram kom hjá Vigdísí Jónsdóttur, forstjóra VIRK, í Kastljósi Ríkissjónvarpsins þann 24. mars 2025. Þar kom fram að VIRK vill þjónusta þann hóp sem verið hefur í endurhæfingu hjá JE. Enn fremur að VIRK væri að skoða möguleika á að gera þríhliða samning í þeim efnum. Jafnframt sagði forstjórinn að mikilvægt væri að brúa bil á milli ólíkra þjónustusaðila. JE tekur undir þetta og lýsir einlægum áhuga á að taka þátt í slíku samstarfi. Stjórn JE telur að hægt sé að finna lausn á málinu því ljóst er að það er gagnkvæmur vilji til að sinna umræddum hópi áfram. Þar sem er vilji er vegur og því hlýtur að vera hægt að ná samkomulagi með hagsmuni unga fólksins í fyrirrúmi.

Loks vísast hér til þeirra viðvarana sem opinberlega hafa komið fram frá ýmsum hagsmunasamtökum, geðlæknum og öðrum sérfræðingum, þar sem varað hefur verið við þeirri þjónustuskerðingu sem verður við lokun JE og því að fagþekking og mikil reynsla mun tapast við lokunina.

Í þessu sambandi vekur athygli að enginn hefur stigið fram opinberlega til að mæla með lokun JE, en hins vegar hafa fjölda margir stigið fram til að mæla gegn lokunni. Þeirra á meðal eru:

1. Geðlæknafélag Íslands
2. Geðhjálp
3. Landssamtökin Þroskahjálp
4. Píeta-samtökin
5. Einhverfusamtökin
6. Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
7. Formaður Þroskaþjálfafélags Íslands
8. Formaður Kennarasambands Íslands
9. Formaður Félagsráðgjafafélags Íslands
10. Formaður Iðjuþjálfafélags Íslands
11. Rúmlega 3000 einstaklingar sem undirritað hafa undirskriftasöfnun gegn lokuninni.

Sú spurning er því áleitin hvers vegna íslenskt samfélag ætli að loka endurhæfingarstöð fyrir ungt fólk sem enginn mælir með að loka en fagfólk og þúsundir, sem láta sig málið varða, mæla gegn því að loka.

II. Beiðni um samningaviðræður og tillögur um samningsmarkmið

Með hliðsjón af öllu framangreindu og í viðleitni til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu, leggur stjórn JE hér með fram eftirfarandi tillögu til lausnar til VIRK, heilbrigðisráðuneytisins, félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins, til að tryggja megi áframhaldandi endurhæfingu fyrir skjólstæðingahóp JE.

Tillaga JE er sem hér segir:

- **JE óskar eftir samningaviðræðum við VIRK og öll framangreind ráðuneyti í ljósi þess að vilji virðist vera fyrir hendi til að ná samningum um þverfaglega heildræna endurhæfingu hópnunum til handa.**
- **JE er tilbúið að undirgangast skilyrði sem VIRK og stjórnvöld setja varðandi þá þjónustu sem heyrir undir endurhæfinguna, annars vegar starfsendurhæfingu/atvinnutengda endurhæfingu og hins vegar heilbrigðistengda endurhæfingu, enda verða skilyrðin samkvæmt faglegum kröfum og hafa hagsmuni og þarfir unga fólksins að leiðarljósi.**

Þá eru hér eftirfarandi fjögur samningsmarkmið sem JE leggur til að höfð verði til grundvallar í samningaviðræðum og samstarfi JE við VIRK og ráðuneytin.

1. Varðandi **starfsendurhæfingu/atvinnutengda endurhæfingu** verði markmiðið að fylgja reglum og leiðbeiningum VIRK og tilheyrandi leiðbeinandi reglum frá viðkomandi fagráðuneyti.
2. Varðandi **heilbrigðistengda endurhæfingu** verði markmiðið að fylgja tilheyrandi leiðbeinandi reglum embættis landlæknis og tilsvarende reglum heilbrigðisráðuneytisins.
3. Þá verði það markmið að JE og VIRK nái samningum um að vinna sameiginlega að því, ásamt stjórnvöldum, að **setja skýrari ramma um kostnaðarhlutdeild** og þjónustu við skjólstæðinga JE í samræmi við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, sem og að setja ramma um kostnaðarhlutdeild og þjónustu í tengslum við sveitafélög og aðra opinbera aðila sem fara með málefni fólks með fjölþættan vanda.

Með þessu yrði leitast við að skýra betur hvar kostnaður og ábyrgð viðkomandi opinbera aðila liggur. Markmiðið er að tryggja að skjólstæðingum sé sinnt af kostgæfni og að fagleg gæði séu tryggð ásamt því að koma megi í veg fyrir ágreining um hvar ábyrgð liggur varðandi kostnað við þjónustu.

4. Loks er lagt til að JE og VIRK setji sér það markmið að leita í sameiningu til stjórnvalda um að sett verði á laggirnar a.m.k. þriggja manna **úrskurðar- og gæðaeftirlitsnefnd** svo tryggja megi að samningur milli aðila sé efndur samkvæmt

efni sínu og að endurhæfingin uppfylli öll fagleg gæði. Tillaga JE hvað þetta varðar er m.a. að Endurhæfingarráð og/eða Geðráð yrði þessari nefnd til ráðgjafar.

III. Lokaorð

Stjórn JE vill undirstrika mikilvægi þess að þessum viðkvæma hópi ungmenna sem glímur við fjölþættan heilsu- og félagsvanda verði tryggð fullnægjandi velferðarþjónusta eins og lög kveða á um, en ekki lágmarkspjónusta. Ungmennunum verði tryggð þjónusta sem er heilðræn og veitt af samhæfðu þverfaglegu teymi fagaðila með víðtæka sérþekkingu og reynslu í heilbrigðis- og starfs-/atvinnutengdri endurhæfingu.


Stjórn JE skorar því á VIRK og öll áður nefnd ráðuneyti að ganga sem fyrst til samningaviðræðna við JE til að tryggja áframhaldandi endurhæfingarstarfsemi fyrir hópinn. Eftir atvikum geta slíkar samningaviðræður verið fjölhliða en undirstrikuð er sú beiðni að VIRK og ráðuneytin þrjú taki beiðni þessa hvert og eitt til formlegrar afgreiðslu, enda varðar málið alla þessa hagaðila.

Tíminn sem er aflögu til að bregðast við fyrir skjólstæðingahóp JE er mjög af skornum skammti, enda stendur til að starfsemin loki alfarið þann 1. júní 2025. Þess vegna er beðið um að erindi þessu verði svarað af hálfu VIRK, heilbrigðisráðuneytisins, félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins **innan 7 daga frá dagsetningu þessa bréfs**.

Hafa má samband beint við umbjóðanda minn, stjórn JE, vegna þessa í gegnum netfangið kristin@janus.is eða bréfleiðis á pósthfangið: Stjórn Janusar endurhæfingar, Skúlagata 19, 101 Reykjavík, en þess er óskað að afrit (cc.) verði í öllum tilfellum sent á undirritaðan lögmann gegnum netfangið opus@opus.is eða bréfleiðis á pósthfangið: OPUS lögmennt, Austurstræti 12a, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Janusar endurhæfingar ehf.,



Erlendur Þór Gunnarsson lögmaður

Afrit af þessu bréfi er sent til forsætisráðuneytisins, formanna allra flokka sem sæti eiga á Alþingi, velferðarnefndar Alþingis, Endurhæfingarráðs, Geðráðs, Sjúkratrygginga Íslands og til fjölmiðla.